

Stofnanasamningur

milli Félags sjúkraþjálfara og Landspítala um forsendur röðunar starfa.

1 Inngangur

Félag sjúkraþjálfara og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur og röðunar starfa sem tilheyra Félagi sjúkraþjálfara við stofnunina, skv ákvæðum 11. kafla gildandi kjarasamnings. Samkomulag þetta er uppfærsla á stofnanasamningi í samræmi við niðurstöðu undirhóps, vegna áfangasamkomulags fjármála- og efnahagsráðherra og Félags sjúkraþjálfara, frá 18. ágúst 2025 um annað skref í jöfnun launa vegna breytinga á lífeyrisréttindum.

2 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraþjálfara á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Þegar talað er um sjúkraþjálfara í samningi þessum er átt við þá sem hafa rétt til að kalla sig sjúkraþjálfara samkvæmt leyfi frá Embætti landlæknis samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

3 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings. Horft er til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

4 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Starfaflokkur	Launafl. -þrep
Sjúkraþjálfari A	11-0
Sjúkraþjálfari B (eftir 1 ár)	11-1
Sjúkraþjálfari C1 (eftir 2 ár).....	12-0
Sjúkraþjálfari C2 (eftir 3 ár).....	12-1
Sjúkraþjálfari C3/C4 (eftir 4-6 ár).....	12-2
Sjúkraþjálfari D1 (eftir 6 ár)	13-2
Sjúkraþjálfari D2 (eftir 7 ár).....	13-3
Sjúkraþjálfari D3/D4 (eftir 8 ár).....	14-2
Sjúkraþjálfari E1	15-1
Sjúkraþjálfari E2.....	16-1
Sérfræðingur í sjúkraþjálfun	xxx

Framangreind röðun miðast við 300 ECTS grunnnám sjúkraþjálfara sem sækja starfsleyfi sitt samkvæmt því eða hafa hlotið starfsleyfi frá Embætti landlæknis.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga og þróunar á starfssviði sjúkraþjálfara og starfsemi Landspítala geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum. Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við sérfræðinga í sjúkraþjálfun, yfirsjúkraþjálfara á starfseiningu (aðstoðardeildarstjóra) og yfirsjúkraþjálfara Landspítala (deildarstjóra) er samið sérstaklega og taka skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum og tímabundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.

5 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

5.1. Mat á menntun umfram grunnkröfu starfs

Viðbótarnám sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki	
30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir.....	1 þrep
60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir.....	2 þrep
Meistarapróf (90-120 ECTS)	4 þrep
Doktorspróf (180 ECTS).....	6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sex álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms umfram grunnkröfu starfs. Námsmatsnefnd sjúkraþjálfara gerir tillögu um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraþjálfurum í starfi. Námsmatsnefnd sjúkraþjálfara starfar samkvæmt samþykktum reglum á hverjum tíma.

Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar

5.2. Mat á sérstökum og/eða tímabundnum verkefnum

Sjúkraþjálfari sem er staðgengill yfirsjúkraþjálfara á starfseiningu (aðstoðardeildarstjóra) raðast tveimur þrepum ofar en ella á forsendum sérstakrar ábyrgðar í starfi.

5.3. Viðmiðunarreglur um launaröðun innan stofnanasamnings

Um viðmiðunarreglur á launasetningu og starfsþróun innan stofnanasamnings sjúkraþjálfara á Landspítala fer samkvæmt gildandi verklagsreglum þar um.

6 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7 Sérákvæði

Sérstök ákvörðun liggur fyrir um frítökurétt vegna þátttöku á ráðstefnum og námskeiðum, sjá fylgiskjal 3.

8 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2025.

Ný launaröðun er færð inn í mannauðs- og launakerfi frá og með 1. apríl 2025. Stefnt er að því að fyrsta útborgun samkvæmt þessum stofnanasamningi verði eigi síðar en 1. nóvember 2025.

Reykjavík, 9. september 2025

f.h. Landspítala

f.h. Félags sjúkráðgjafara

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksemi, sbr. 2. gr. hér að framan. Sjúkraþjálfarar á Landspítala bera ábyrgð á sjúkraþjálfun og klínískum verkefnum á því sviði í samræmi við stefnu, gildi og markmið Landspítala.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

- Sjúkraþjálfari A: Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar reynds fagaðila eftir þörfum og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.
- Sjúkraþjálfari B: Kominn vel á veg í starfi. Starfar sjálfstætt og skipuleggur störf sín og verkefni í samráði við yfirmann án beinnar tilsagnar. Tekur þátt í faglegri þróun og umbóta- og gæðastarfi. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum. Hefur hæfni til að taka þátt í rannsóknum.
- Sjúkraþjálfari C: Er fær í starfi. Leiðir og/eða tekur þátt í faglegri þróun, rannsóknar-, umbóta- og gæðastarfi í samráði við yfirmann. Skipuleggur og veitir fræðslu til samstarfsfólks og nemenda. Sinnir klínískri kennslu nema og getur verið umsjónarmaður klínískrar kennslu. Tekur virkan þátt í stefnumótun og skipulagningu á þjónustu.
- Sjúkraþjálfari D: Er mjög fær í starfi og hefur víðtæka þekkingu/reynslu innan sjúkraþjálfunar.
- Getur verið fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum sjúkraþjálfunar, skjólstæðinga og sjúkrahússins. Ber ábyrgð á og tekur virkan þátt í faglegri þróun, umbóta- og gæðastarfi í samráði við yfirmann. Innleiðir nýjungar á sínu fagsviði og tekur þátt í rannsóknum.
- Sjúkraþjálfari E: Er leiðtogi í klínísku starfi. Sérfróður í tiltekinni klínískri fræðigrein á fagsviði sjúkraþjálfunar og er ráðgefi varðandi sérhæfða meðferð. Er reynslumikill, hefur aflað sér víðtækrar og sérhæfðrar þekkingar á faginu og hefur alla jafna viðbótarmenntun eða viðbótarmeistaránám sem nýtist í starfi. Stýrir gæðastarfi á einingu í samráði við yfirmann og hefur frumkvæði að þróun og innleiðingu nýjunga í meðferð/þjónustu/fagi. Skipuleggur og tekur þátt í rannsóknum. Skipuleggur kennslu á sérviði sínu. Ber ábyrgð á

þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum.

Sérfræðingur í sjúkrabjálfun: Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi Embættis landlæknis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf¹** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað sér 60 ECTS eininga eða 360 kennslustunda, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í starfi.
- **Meistarapróf** – (90 – 120 ECTS eininga meistarapróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfu starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** – (180 ECTS eininga doktorspróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður fengið hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep til viðbótar við það að ljúka doktorsprófi.
- **Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar**

Framkvæmd/gögn

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef mat á námskeiði/menntun liggur ekki fyrir er erindi skotið til námsmatsnefndar til umfjöllunar.

¹ Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.

Fylgiskjal 3

Vinnureglur vegna sérákvæðis um frí vegna helgarnámskeiða

Þegar um er að ræða helgarnámskeið, þ.e. námskeið sem er haldið um helgi eða á rauðum dögum, skal starfsmaður fá einn frídag í samræmi við starfshlutfall ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- að sótt sé um námskeiðið fyrirfram með venjulegum hætti
- að um sé að ræða viðurkennt námskeið sem nýtist í starfi að mati yfirmanns
- starfsmaður hefði fengið launað leyfi frá störfum ef það hefði verið haldið á virkum degi

Leyfið er í réttu hlutfalli við lengd námskeiðs og því aldrei meira en sem nemur þeim tíma sem námskeiðið sjálft tekur. Leyfi þetta skal tekið sem fyrst, helst í næstu viku eftir námskeið að höfðu samráði við yfirmann.

Undirritunarsíða

Fh. Landspítala
Atli Atlason

Fh. Landspítala
Sóley Snædís Stefánsdóttir

Fh. Félags sjúkráðgjafara
Gunnlaugur Már Briem

Fh. Félags sjúkráðgjafara
Guðrún Día Hjaltested

Fh. Félags sjúkráðgjafara
Guðjón Gunnarsson